

Skólaráðsfundur 10.05 2019

Mættir: Patrick Gabriel Bors, Jón Garðar Steingrímsson, Anna Brynja Agnarsdóttir, Gunnlaug Björk Guðbjörnsdóttir, Halla Óladóttir, Ása Björk Stefánsdóttir, Björk Óladóttir, Erla Gunnlaugsdóttir, Sigríður Salmansdóttir,
Ritun fundagerðar: Ása Björk Stefánsdóttir

Dagskrá fundar:

- Niðurstöður úr starfsmannakönnun skólaláts – umræður um skólaslit
- Skólaslit
- Háskólalestin
- Önnur mál.

Erla fór yfir fundagerð síðasta fundar.

Niðurstöður starfsmannakönnunar

Erla og Ása fóru yfir niðurstöður úr starfsmannakönnun. Könnunin kemur vel út í flesta staði og hefur ánægja starfsfólks aukist frá síðasta ári. Þó má enn huga að atriðum líkt og betra upplýsingaflæði og bættri starfsaðstöðu.

Jón Garðar benti á að tækifæri til að skoða niðurstöðu skólalátsins út frá öðrum skólum sem fyrirtækið Trappa kemur að ráðgjöf. Hægt að skoða hvort þeir komi betur út.

Háskólalestin

Erla kynnti komu lestarinnar og að hópurinn verði í Tjarnarborg á laugardeginum.

Skólaslit

Erla fór yfir breytingar á skólaslitum. 6. – 10. bekkur verða saman og yngra stigið sér. Slólaslitin verða í kirkjunni á Siglufirði. Yngri í hádeginu og eldri nemendur seinnipartinn. Nemendur sjá um atriði. Nemendur verða kvaddir af kennara með vitnisburðarblaði. Jón Garðar benti á að útskriftin væri í trúarlegu umhverfi. Skólastjórnendur bentu á að þetta snérist um húsnæði og kirkjan hentaði sem slík.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.